



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Umsögn um tillögu fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur*

Á fundi borgarstjórnar þann 8. febrúar 2022 lagði fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði að bæta aðgengi fyrir unglinga að sálfræðipjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Miðað skal við að aðgengi hafi verið bætt eigi síðar en í janúar 2023.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. febrúar 2022.

Umsögn:

Borgarráð hefur á árinu 2021 samþykkt veigamiklar breytingar á skipulagi þjónustu við börnin í borginni. Á fundi borgarráðs 10. júní 2021 voru lagðar fram tillögur skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs að heildstæðri þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir. Tillögurnar lúta að því að innleiða breytingar á þjónustu við börn og unglinga með sérstakar þjónustuparfir sem veitt er af báðum sviðum með það að leiðarljósi að samþætta og einfalda skipulag þjónustunnar. Markmiðið er að bæta þjónustu við börn og foreldra/forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Á fundi borgarráðs 18. nóvember 2021 voru síðan samþykktar tillögur um innleiðingu verkefnisins *Betri borg fyrir börn* í öll þjónustuhverfi borgarinnar. Með samþykkt tillögunnar er skóla- og frístundaþjónusta í borgarhluta og velferðarþjónusta þjónustumiðstöðva samþætt frá 1. janúar 2022 til að þjónustan nýtist sem best börnum og fjölskyldum þeirra og starfseiningum hverfisins.

Markmiðið er að bæta og leiða umbætur í þjónustu við börn og foreldra/forsjáaraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum.

Umræddar skipulagsbreytingar styðja jafnframt við þær áherslur sem fram komu í nýjum lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er tóku gildi 1. janúar 2022. Markmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Kveðið er á um að í öllum skólum skuli vera tengiliður sem m.a. hefur það hlutverk að veita upplýsingar um þjónustu og aðstoða við að börn og foreldrar fái viðeigandi þjónustu án hindrana. Öll börn og foreldrar hafa aðgang að þjónustu tengiliðarins og geta snúið sér til hans þegar þörf krefur.

Í dag eru sálfræðingar í þjónustumiðstöð Breiðholts, með fasta viðveru í grunnskólum borgarinnar. Samkvæmt upplýsingum deildarstjóra skóla- og barnaþjónustu í Breiðholti er löng hefði fyrir fastri viðveru sálfræðinga, félagsráðgjafa og kennsluráðgjafa í skólunum. Það sem hefur gert þetta mögulegt er að allir skólarnir hafa skapað starfsmönnum þjónustumiðstöðvarinnar góða aðstöðu innan skólanna sem er grundvallarforsenda fyrir fastri viðveru. Hjá öðrum þjónustumiðstöðvum er mismunandi hvaða aðstöðu starfsmenn hafa innan skólanna. Almenn virðist vera vilji hjá skólastjórnendum til að skapa rými fyrir starfsfólk skólaþjónustunnar en algengt er að plássleysi innan skólanna hafi áhrif á hvaða aðstöðu hægt er að bjóða hverju sinni. Starfsfólk skólaþjónustunnar getur því oft ekki gengið að föstum rýmum á ákveðnum tímum og eiga því oft ekki fastan samastað. Það gerir það að verkum að erfitt er að auglýsa á hvaða tímum sálfræðingar eru staðsettir í skólunum.

Skóla- og frístundasvið hefur komið óskum til skólastjórnenda um að starfsfólki skólaþjónustunnar verði tryggð aðstaða þar sem nemendur upplifi sig örugga og að næðis/trúnaðar sé gætt og verður verkefnastjórnun *Betri borgar fyrir börn* á þjónustumiðstöðvum falið að fylgja verkefninu eftir.

Samhliða er í gangi verkefni er lýtur að heildarendurskoðun á aðgengi barna og foreldra þeirra að barna- og skólaþjónustu. Markmið verkefnisins er að auðvelda og bæta allt aðgengi að þjónustunni börnum og foreldrum til hagsbóta. Í verkefninu verður haft náið samráð við notendur þjónustunnar þ.m.t. börn og foreldra þeirra.

Ef einn sálfræðingur væri í 100% starfi í hverjum grunnskóla borgarinnar þyrfti 44 stg. til að sinna öllum grunnskólunum. Stöðugildi skólasálfræðinga á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar eru 25,8 sem þjónusta 80 leikskóla og 44 grunnskóla í borginni. Meðtaldir eru einkareknir leik- og grunnskólar. Áætlað er að starfsmenn í u.þ.b 10 stöðugildum sinni leikskólum og starfsmenn í 15,8 stöðugildum sinni grunnskólum borgarinnar.

Ef 15,8 stöðugildum sálfræðinga er skipt jafnt á milli allra grunnskóla borgarinnar þá væri hver sálfræðingur í 36% starfi við hvern skóla.